

Nd. **476. Breytingartillaga** [150. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Á eftir 15. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Ríkisstjórnin lætur endurskoða ákvæði laga um menntun og réttindi vélstjóra, og sé þeirri endurskoðun lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi. Við endurskoðunina skal hafa samráð við Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Mótórvélstjórafélag Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.